

LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 5. nóvember 2021.

Mál nr. 674/2021:

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Haukur Gunnarsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Inga Lillý Brynjólfsdóttir lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Rannsókn.

Útdráttur

Fallist var á kröfu L um heimild til að hlusta og hljóðrita símtöl og önnur fjarskipti við nánar tilgreint símanúmer X og eftir atvikum önnur símanúmer sem X kynni að hafa umráð yfir.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Arnfríður Einarsdóttir, Jóhannes Sigurðsson og Oddný Mjöll Arnardóttir kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sónnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 5. nóvember 2021, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 8. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember 2021 í málinu nr. R-[...]/2021 þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að honum yrði heimilað að hlusta á og hljóðrita símtöl úr og í tilgreint símanúmer og önnur símanúmer sem varnaraðili hafi haft til umráða frá 4. nóvember til og með 1. desember 2020, og jafnframt að honum væri heimilað að nema sms-sendingar, þar með taldar sms-sendingar á lesanlegu formi, sem sendar væru eða móttækna með símanúmerunum á sama tíma og hlusta og hljóðrita samtöl við talhólf greindra númera og símtækja á sama tíma. Kæruheimild er í i-lið 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- 2 Sónnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að fallist verði á framangreinda kröfu hans.
- 3 Varnaraðili krefst aðallega staðfestingar hins kærða úrskurðar en til vara að heimildinni verði markaður skemmri tími og umfang. Þá krefst varnaraðili þóknunar til handa skipuðum talsmanni sínum.

Niðurstaða

- 4 Varnaraðili er grunaður um umfangsmikið peningaþvætti, sbr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og brot gegn lögum nr. 64/1974 um ávana- og fíkniefni. Samkvæmt gögnum málsins hefur lögregla þegar aflað gagna um fjármál varnaraðila sem sýna mikinn mun á útgjöldum og framtöldum tekjum og nýlegar millifærslur umtalsverðra fjármuna til aðila sem lögregla telur tengjast brotastarfsemi af framangreindu tagi. Kveður sóknaraðili þær rannsóknaraðgerðir sem mál þetta varðar beinast að því að varpa nánara ljósi á samskipti varnaraðila við þessa menn, ástæðu fjármagnsfærslna og nýtingu fjármunanna.
- 5 Samkvæmt 1. mgr. 81. gr. laga nr. 88/2008 er heimilt í þágu rannsóknar að leggja fyrir fjarskiptafyrirtæki að leyfa að hlustað sé á eða tekin séu upp símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatæki ellegar við síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatæki í eigu eða umráðum tilgreinds manns. Einnig er heimilt að leyfa lögreglu að fylgjast með eða taka upp fjarskipti með þar til gerðum búnaði. Samkvæmt 83. gr. laganna er skilyrði fyrir slíkum aðgerðum að ástæða sé til að ætla að upplýsingar sem skipt geta miklu fyrir rannsókn fáiast með þeim hætti. Auk þess verður rannsókn að beinast að broti sem varðað getur að lögum sex ára fangelsi og ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir að krefjast rannsóknaraðgerðarinnar.
- 6 Með vísan til ætlaðra brota varnaraðila, rannsóknargagna málsins og tilgangs lögreglu með rannsóknaraðgerðinni sem krafist er þykja skilyrði framangreindra lagaákvæða uppfyllt. Verður rannsóknaraðgerðin því heimiluð með þeim hætti sem nánar greinir í úrskurðarorði.
- 7 Kærumálskostnaður, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðila fyrir Landsrétti, verður ekki úrskurðaður, sbr. 3. mgr. 237. gr. laga nr. 88/2008.

Úrskurðarorð:

Sóknaraðila, lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, er heimilt að hlusta og hljóðrita símtöl úr og í símanúmerið [...] og önnur símanúmer sem varnaraðili, X, hefur til umráða og jafnframt að nema sms-sendingar, þar með taldar sms-sendingar á lesanlegu formi, sem sendar eru eða móttækjar með símanúmerunum og hlusta og hljóðrita samtöl við talhólf greindra númera og símtækja, allt á tímabilinu frá uppkvaðningu úrskurðar þessa til og með 1. desember 2021.

Kærumálskostnaður verður ekki úrskurðaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember 2021

Dómkröfur

Þess er krafist að Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurði að lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu sé heimilt að hlusta og hljóðrita símtöl úr og í símanúmerið [...] og önnur símanúmer sem X, kt. [...], hefur haft til umráða frá 4. nóvember 2021 til og með 1. desember 2021, og jafnframt sé heimilt að nema sms sendingar, þar með taldar sms sendingar á lesanlegu formi, sem sendar eru eða móttæknar með símanúmerunum á sama tíma og hlusta og hljóðrita samtöl við talhólf greindra númera og símtækja á sama tíma.

Málsatvik

Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hefur nú til rannsóknar ofangreint mál en hinn grunaði, X, kt. [...], er grunaður um umfangsmikið peningaþvætti undanfarin ár ásamt fíkniefnalagabrotum. Lögregla hefur, í þágu rannsóknar málsins, aflað úrskurða um afléttingu bankaleyndar og afhendingu símagagna hjá viðkomandi og lögaðilum sem tengjast X, þ.e. [...] ehf., kt. [...] og [...] ehf., kt. [...].

Fjármálagreining lögreglu, byggð á gögnum sem lögregla hefur nú þegar undir höndum, hefur leitt í ljós að fjármálaumsvif X hafa verið mikil sl. níu ár. Útreikningur á neikvæðum lífeyri X nam kr. [...] vegna tímabilsins 1. janúar 2013 til 27. október 2021. Ekki var hægt að skýra rekjanleg útgjöld X upp á samtals kr. [...] á tímabilinu með framtöldum tekjum hans. Grunur lögreglu er sá að eyðsla og eignamyndun X sé afrakstur og ávinningur af umfangsmikilli brotastarfsemi kærða síðastliðin 9 ár.

Við rannsókn málsins hefur lögregla m.a. undir höndum gögn sem sýna fram á millifærslur X inn á [...] á tímabilinu 1. janúar 2016 til og með 2. mars 2021 námu kr. [...]. Innborganir á móti frá [...] inn á X námu kr. [...] á sama tímabili. Þá fékk X fékk innborgun frá [...] inn á bankareikning sinn þann [...] 2021 upp á kr. [...]. Lögregla hefur upplýsingar um að [...] hafi nýverið millifært samtals [...] kr. á 5 einstaklinga sem lögregla ætlar að tengist brotastarfsemi hans á tímabilinu [...] 2021 til [...] 2021.

Auk framangreinds hefur lögregla upplýsingar um að X hafi staðið í innflutningi fíkniefna, framleiðslu fíkniefna ásamt sölu- og dreifingu fíkniefna um nokkurt skeið. Upplýsingarnar herma að X flytji inn fíkniefnin meðal annars í [...] og í [...].

Lögregla hefur undir höndum nýleg símagögn X sem sýna fram á að hann er í óvenjulega miklum samskiptum við virka brotamenn, meðal annars aðila sem eru vel þekktir hjá lögreglu fyrir sölu og dreifingu fíkniefna og líkamsárásir. Þessir aðilar eiga nýleg mál í kerfum lögreglu fyrir alvarlegar líkamsárásir og fíkniefnamisferli. Enn fremur eru aðilar sem hann er í samskiptum við grunaðir um innflutning fíkniefna.

Grunur lögreglu er sá að eyðsla og eignamyndun X sé ávinningur af umfangsmikilli brotastarfsemi kærða sl. ár og telur lögregla afar nauðsynlegt að áframhaldandi rannsókn fari fram á fjármálum viðkomandi aðila með tilliti til peningaþvættis.

X er þekktur í kerfum lögreglu en hann á [...] tilkynningar vegna [...] mála í LÖKE á tímabilinu [...]. Um er að ræða m.a. þjófnaði, ölvunar- og fíkniefnaakstur, önnur umferðalagabrot, nytjastuld farartækja, hótanir, hylmingu, heimilisofbeldi, líkamsárásir, vopnalagabrot, framleiðslu fíkniefna, flutning fíkniefna milli landa og dreifing og sölu fíkniefna. Þá var hann nýverið ákærður (mál nr. S-[...]/2021) fyrir [...].

Lagarök

Að mati lögreglu er fram kominn rökstuddur grunur um að X stundi peningabætti. Er háttsemi kærða talin varða við 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem varðað getur fangelsi allt að 6 árum. Rannsókn lögreglu er á frumstigi og miðar vel að mati lögreglu. Að mati lögreglu er í ljósi umfangs málsins afar mikilvægt að fallist verði á hina framlögðu kröfu þannig að lögregla geti aflað upplýsinga sem varpað geti frekari ljósi á fjármál og fjárhagsstöðu kærða, umfang brotastarfseminnar og hugsanlega upplýst um aðkomu annarra aðila sem lögreglu er ekki kunnugt um á þessu stigi málsins. Þannig kunni þær upplýsingar sem farið er fram á að verði veittar mögulega leitt til þess að hægt verði að auka umfang rannsóknarinnar enn frekar og staðfesta eða hrekja þær upplýsingar sem lögregla hefur þegar aflað. Í ljósi þeirra upplýsinga sem þegar liggja fyrir telur lögregla sig skylduga til þess að gera allt sem í hennar valdi stendur til að halda rannsókn sinni áfram vegna meintra brota kærða, vísast í þessu skyni m.a. til 2. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Vísað er til framangreinds, framlagðra gagna og 81. gr., sbr. 83. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Talið er að ríkir almannahagsmunir séu fyrir því að ætlað brot upplýsist.

Þess er krafist að krafan verði tekin fyrir á dómþingi án þess að kærði verði kvaddur á dómþingið, með vísan til rannsóknarhagsmuna í málinu, enda ljóst að upplýsingar um aðgerðina geta skaðað rannsókn málsins fá hann spurnir af fyrirhugaðri aðgerð. Vísað er til 1. mgr. 103. gr., sbr. 1. mgr. 104. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Niðurstaða

Samkvæmt framangreindu hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu til rannsóknar mál er varðar ætluð brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en slík brot geta varðað allt að 6 ára fangelsi. Í kröfu lögreglu kemur fram að kærði sé grunaður um umfangsmikið peningabætti undanfarin ár ásamt fíkniefnalagabrotum. Samkvæmt kröfu lögreglu hefur þegar verið aflað gagna í þágu rannsóknar málsins með úrskurðum um m.a. afléttingu bankaleyndar og afhendingu símgagna. Í kröfu lögreglu og meðfylgjandi upplýsingaskýrslu kemur fram að grunur lögreglu sé að eyðsla og eignamyndun kærða sé ávinningur af umfangsmikilli brotastarfsemi hans síðastliðin allt að 9 ár og að nauðsynlegt sé að áframhaldandi rannsókn fari fram á fjármálum viðkomandi aðila með tilliti til peningabættis. Af framansögðu má ráða, líkt og einnig er rakið í kröfu lögreglustjórans, að til rannsóknar sé ætluð áralöng brotastarfsemi sem m.a. felist í peningabætti og fíkniefnainnflutningi, sem sé yfirstandandi og hafi átt sér stað um mjög langt skeið.

Á hinn bóginn eru í beiðninni eða meðfylgjandi upplýsingaskýrslu ekki færð fullnægjandi rök fyrir því hvornig ætla megi að upplýsingar sem skipt geta miklu fyrir rannsókn málsins nú fáist með umbeðnum rannsóknaraðgerðum eða hvaða þætti ætlaðrar brotastarfsemi ætla megi að upplýsa mætti með umbeðnum rannsóknaraðgerðum, s.s. hvað ætla megi að upplýsist um ætlaða brotastarfsemi með símhlustun, sms sendingum eða hlustun á samtöl í talhólf. Brestur því lagaskilyrði til að fallast megi á kröfu lögreglunnar eins og hún er sett fram og er henni því hafnað.

Þóknun Ingu Lillýar Brynjólfsdóttur lögmanns sem gætti hagsmuna þess er krafa rannsóknaraðila beinist gegn þykir hæfilega ákveðin 18.950 að meðtöldum virðisaukaskatti. Þóknun skal greidd úr ríkissjóði sbr. 2. mgr. 84. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 88/2008.

Úrskurðarorð

Kröfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu er hafnað.

Þóknun skipaðs talsmanns verjanda, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur, 18.950 krónur, skal greidd úr ríkissjóði.